

Sp.

143. Tillaga til þingsályktunar

[88. mál]

um kjarasamning við stéttarfélag verkfræðinga.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að bjóða stéttarfélagi verkfræðinga nú þegar að gera við það kjarasamning, er sé í grundvallaratriðum eins og kjarasamningur sá, sem stéttarfélagið hefur þegar gert við Reykjavíkurbæ.

Greinargerð.

Síðastliðinn miðvikudag bar flutningsmaður þessarar tillögu fram fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um það, hvers vegna ríkisstjórnin hefði ekki enn þá samið við verkfræðinga þá, sem hurfu úr þjónustu ríkisins á síðastliðnu sumri, og tekið þá aftur í þjónustu sína. Hæstv. fjármálaráðherra svaraði því einu til, að það mundi valda misrétti í launagreiðslum ríkisins, ef gengið yrði að launakröfum verkfræðinganna.

Nú er það sannarlega ekki svo, að íslenska ríkið sé kunnugt að því að gæta út í æsar jafnréttis í launagreiðslum. Mætti leiða ýmsa stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar til vitnis um það. Hér er því ekki um að ræða frambærilega ástæðu fyrir því, að ríkið sé lengi án starfskrafta jafnmikilvægra sérfræðinga og verkfræðingar eru.

Það varð til þess að draga úr ýmsum verklegum framkvæmdum á síðastliðnu sumri, að verkfræðingar höfðu sagt upp störfum. Ef ríkið tryggir sér ekki nú þegar starfskrafta þeirra á ný, þannig að hægt verði í vetur að vinna nauðsynleg undirbúningsstörf undir framkvæmdir næsta sumars, má búast við, að þær verði margar hverjar að farast fyrir, og jafnvel, að til algers öngþveitis komi á ýmsum sviðum.

Á það má og benda, að ýmsar opinberar stofnanir, sem ekki lúta beinlínis húsbóndavaldi ríkisstjórnarinnar, hafa samið við verkfræðingana og tryggt sér starfskrafta þeirra áfram. Það er ríkisstjórnin ein, sem talið hefur sér stætt á því, að semja ekki. En sé það dregið enn, má við því búast, að erfitt verði fyrir ríkið að fá nokkra verkfræðinga í þjónustu sína, þar eð þeir verði þá endanlega búnir að ráða sig til starfa hjá öðrum. Af því mundi hins vegar hljótast óbætanlegt tjón. Það er tilgangur þessarar tillögu að koma í veg fyrir slíkt.